

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum.

1. gr.

Allar dragnótaveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1.
 - a. Á Pistilfirði frá og með 1. apríl til og með 14. júní innan línu, sem dregin er milli Grenjaness og Rauðaness.
 - b. Frá og með 15. júní til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Melrakkaness og Svínalækjartanga.
 - c. Frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst innan línu, sem dregin er milli Grenjaness og Laxártanga.
2. Á Bakkaflóa innan línu, sem dregin er milli Skarfatanga og Svartsness allt árið. Frá og með 15. febrúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Fossáróss, Saurbæjartanga, Skarfatanga og Svartsness.
3. Á Vopnafirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Tangasporðs og Drangsness. Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Fuglaness og Svartsness.
4. Á Borgarfirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Landsenda og Hafnartanga.
5. Seyðisfjörður - Loðmundarfjörður innan svæðis sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra fjögurra punkta: $65^{\circ}21,672' N - 013^{\circ}43,330' V$, $65^{\circ}19,954' N - 013^{\circ}43,330' V$, $65^{\circ}18,0' N - 013^{\circ}34,500' V$ og $65^{\circ}16,195' N - 013^{\circ}34,500' V$.
6. Á Mjóafirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Hofs og Kross.
7. Á Eskifirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Mjóeyrar og Skeleyrar.
8.
 - a. Á Reyðarfirði. Allt árið innan línu, sem dregin er frá Ljósá í Handarhald sunnan fjarðarins.
 - b. Frá og með 1. febrúar til og með 15. maí innan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Vattarnesvita.
9. Á Fáskrúðsfirði innan línu, sem dregin er milli Víkurskers og Kumlaskers á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní.
10. Á Stöðvarfirði innan línu, sem dregin er frá Landatanga í Kambanes á tímabilinu frá og með 1. apríl til og með 15. júní.
11. Á Berufirði innan línu, sem dregin er milli Svartaskers og Karlsstaðatanga á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. maí.
12. Bátum sem eru lengri er 22 metrar (mesta lengd) eru bannaðar dragnótaveiðar allt árið innan línu sem dregin er á milli eftirgreindra staða:
 - a. Landsendi (í norðanverðum Loðmundarfirði)
 - b. Dalatangi

- c. Norðfjarðarhorn
- d. Gerpisflös
- e. Kambanesviti
- f. Hlaða
- g. Knarrarsundfles (austan Djúpavogs).

Áskilinn er réttur til fyrirvaralausra breytinga á veiðisvæðum.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. janúar 2013.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Arnór Snæbjörnsson.